



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra  
Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Búðardal, 22. nóvember 2021  
Málsnr. 1910017

**Erindi: Rekstur dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Dalabyggð, beiðni um endurskoðun ákvörðunar.**

Vísað er til erindis Dalabyggðar til heilbrigðisráðherra frá 16. september sl. og svars frá ráðuneytinu sem barst 15. október sl.

Dalabyggð hefur óskað eftir því að Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVe) taki við rekstri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns en þeirri beiðni hefur verið hafnað. Rekstur heimilisins hefur þungst síðust ár og miðað við spár verður þróunin á sama veg með aukinni hjúkrunarþyngd og fjölgun eldri íbúa.

Nú liggur fyrir að HVe mun taka við rekstri hjúkrunarheimilis í Stykkishólmi á næsta ári, rekstri sem áður var í höndum Stykkishólmsbæjar. Komu þessar fréttir mjög á óvart miðað við þau svör sem Dalabyggð hefur fengið þegar óskað hefur verið eftir að HVe tæki við rekstri Silfurtúns. Í síðasta svari ráðuneytisins segir að ekki séu fordæmi fyrir því að hjúkrunarheimili sem er rekið af sveitarfélagi sameinist opinberri heilbrigðisstofnun. Telur Dalabyggð að þær fréttir sem berast nú af yfirtöku hjúkrunarheimilis í Stykkishólmi kalli á endurskoðun ákvörðunar um yfirtöku HVe á Silfurtúni.

Dalabyggð vill áréttta enn og aftur að sveitarfélagið telur hagræðingu geta falist í samrekstri Silfurtúns við HVe. Í samskiptum við ráðuneytið hefur áður verið bent á það fyrirkomulag sem er á starfsemi HVe á Hólmavík og Hvammstanga. Sveitarfélagið telur ljóst að núverandi rekstrarform gangi ekki til lengdar, allra síst í ljósi þess hver þróun málaflokksins getur orðið miðað við niðurstöður verkefnahóps í skýrslu um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila.

Því óskar Dalabyggð eftir því við ráðuneytið að gengið verði til viðræðna um að starfsemi Silfurtúns færist til Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

Virðingafyllst,  
f.h. Dalabyggðar

  
  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Afrit: Heilbrigðisstofnun Vesturlands.



Heilbrigðisstofnun Vesturlands  
B.t. Jóhönnu F. Jóhannesdóttur, forstjóra  
Merkigerði 9  
300 Akranes

# AFRIT

Búðardal, 22. nóvember 2021  
Málsnr. 1910017

**Erindi: Rekstur Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns í Dalabyggð, beiðni um endurskoðun ákvörðunar.**

Vísað er til beiðnar Dalabyggðar um yfirtöku Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVe) á rekstri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns sem hafnað var með bréfi HVe dags. 20.05.2020.

Nú liggur fyrir að HVe mun taka við rekstri hjúkrunarheimilis í Stykkishólmi á næsta ári, rekstri sem áður var í höndum Stykkishólmsbæjar. Komu þessar fréttir mjög á óvart miðað við þau svör sem Dalabyggð hefur fengið þegar óskað hefur verið eftir að HVe tæki við rekstri Silfurtúns. Telur Dalabyggð að þær fréttir sem berast nú af yfirtöku hjúkrunarheimilis í Stykkishólmi kalli á endurskoðun ákvörðunar um að starfsemi Silfurtúnd færist til HVe.

Dalabyggð vill áréttta enn og aftur að sveitarfélagið telur hagræðingu geta falist í samrekstri Silfurtúns við HVe. Áður hefur verið bent á það fyrirkomulag sem er á starfsemi HVe á Hólmavík og Hvammstanga. Sveitarfélagið telur ljóst að núverandi rekstrarform gangi ekki til lengdar, allra síst í ljósi þess hver þróun málaflokksins getur orðið miðað við niðurstöður verkefnahóps í skýrslu um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila.

Því óskar Dalabyggð eftir viðræðum við Heilbrigðisstofnun Vesturlands um yfirtöku stofnunarinnar á rekstri Silfurtúns.

Virðingafyllst,  
f.h. Dalabyggðar

  
  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Afrit: Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra.